

Nr. 005 / 09 Baldur

Skipverji slasast á hendi við landfestar

Skipaskr.nr. 2727
Smíðaður: Þýskalandi 1970, stál
Stærð: 925,1 brl. 1350,6 bt.
Mesta lengd: 63,25 m Skráð lengd: 58,72 m
Breidd: 12 m Dýpt: 3,8 m
Vél: 2 x MAK 1838 kW, 1970
Fjöldi skipverja: 7
Fjöldi farþega: 41



Baldur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Gögn úr öryggiskerfi skips

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. janúar 2009 var verið að leggja Baldri að bryggju á Brjánslæk. Veður: NA 17 -20 m/sek

Þegar verið var að snúa skipinu í sterkri NA- átt var keyrt með nokkru afli í tvo springa sem lágu út um sitt hvort rúllukeflaklussið, svokallað „Panamakluss“, á bakborðsbakka skipsins. Til að hafa betri stjórn á skutnum við snúninginn var bakborðsskrúfa látin vinna áfram með nokkru afli en stjórnborðsskrúfunni bakkað. Við það minnkaði átak á springana. Skipverji sem var að athuga með stöðu springanna studdi annarri hendinn á annan þeirra sem slitnaði í klussinu um tvo metra frá skipverjanum. Við læknisskoðun kom í ljós að hann var illa marinn en ekki brotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að báðir springarnir voru á hornpolla bryggjunnar;
- að landfestin sem slitnaði var 35 mm fléttað nælontóg sem venjulega var notað sem framendi en í þessu tilfelli notað sem springur til öryggis með hinum eiginlega spring sem var 22 mm ofurtóg (Dynema). Slasaði benti á að við svipaðar aðstæður hafi springur úr ofurtógi tvisvar sinnum áður slitnað og því ekki veitt af að létta álagi af ofurtóginu. Ekki var vitað um aldur tógsins;
- að slasaði taldi ástand tógsins hafa verið óaðfinnanlegt;
- að eftir slysið var þessi landfesti tekin úr umferð og slegið undir 55 mm nælontógi.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var óvarkárni slasaða að fara inn á hættusvæði og taka um tóg sem var undir miklu átaki.